

Orlofsblað

Sameyki stéttarfélag í almannabjónustu **2024**



SAMEYKI

Heiðlóa

Heiðlóa er oftast kölluð af okkur sem byggjum þessa eyju bara lóa. Hún telst stór fugl af lóuætt. Lóan er mófugl og farfugl á Íslandi og er alfriðuð hér á landi.

Eyjaskeggjar segja oft að heiðlóan sé merki þess að vor og sumar sé á næsta leiti og hefur heiðlóan orðið tákn fyrir vorið og kölluð vorboðinn – ekki skal rugla saman við vorboðann ljúfa úr kvæði Jónasar Hallgrímssonar, *Ég bið að heilsa*, sem ku vera þrósturinn. Sagt er að lóan sé veðurglögg og reyna sumir að lesa í veðrið eftir hegðun hennar. Lóunnar er ósjaldan getið í skáldskap og í þjóðtrú. Eitt þekktasta ljóð sem samið hefur verið á Íslandi um heiðlóuna er ljóð Páls Ólafssonar, *Lóan er komin að kveða burt snjóinn*, sem lýsir þessu viðhorfi ágætlega.

Peir eru fallegir þessir litlu hnoðrar sem gervigreindarforrit bjó til af lóuungum.

Heimild: Fuglavefurinn







Ábyrgðarmaður
Pórarinn Eyfjörð

Ritstjóri
Axel Jón Ellenarson

Stjórn Orlofssjóðs
Bryngeir Arnar Bryngeirsson
Kalla Björg Karlsdóttir
María Hlín Eggertsdóttir
Ólafur Hallgrímsson
Stefán Gíslason

Forsíðuljósmynd
Mynd gerð með gervigreind AI.

Allar myndir af fuglum í blaðinu
og á forsiðu og baksíðu, eru
gerðar af gervigreind AI.

Skrifstofa Sameykis
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík
Símar: 525 8340 / 525 8330

Opið mánud.-fimmtud. 9:00- 15:00
og föstud. 9:00-13:00.

Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is

Orlofsfréttir: sameyki.is/orlofsfrettir
Orlofshúsavefur: orlof.is/sameyki

Prentun
Prentmet Oddi.
Orlofsblað Sameykis er
prentað á umhverfisvænan
og svansvottaðan pappír
úr hringrásarferli Svansins.
Einnig er blaðið prentað með
svansvottuðum jurtalitum en ekki
jarðolíulitum.



Efnisyfirlit

Umgengni og frágangur	6
Réttindi lífeyrisdeildar	6
Orlofshúsavefur Sameykis	7
Hagnýtar upplýsingar	8

Vesturland

Munaðarnes.....	10
Bjarkarás.....	12
Eyrarhlíð.....	13
Stekkjarhóll.....	14
Vörðúas.....	15
Birkihlíð.....	16
Skorradalur.....	17
Húsafell.....	20
Selásar.....	21
Arnarstapi.....	22
Stykkishólmur.....	23
Hellissandur.....	24
Norðurás.....	25

Vestfirðir

Hólmavík.....	26
Bær III.....	27
Suðureyri.....	28
Krossholt.....	29

Akureyri og nágrenni

Skálatún.....	32
Hamratún.....	33
Kjarnabyggð.....	35
Holtaland.....	38
Hólar í Hjaltadal.....	39
Hrísey.....	40
Illugastaðir.....	41

Austurland

Eiðar.....	42
Einarsstaðir.....	43

Suðurland

Úthlíð.....	44
Hólasetur.....	45
Vaðnes.....	46
Akrasel.....	47

Reykjavík

Sóltún 12.....	51
Grandavegur 42.....	52
Grandavegur 45.....	53

Spánn

Tenerife.....	55
Los Arenales del Sol.....	56
Quesada.....	57

Ýmislegt

Brandugla.....	18
Uppbygging á Úlfjótssvatni.....	34
Fálki.....	36
Lundi.....	48
Gjafabréf.....	58
Úthlutun orlofsávísana.....	58
Dagleiguhús.....	59
Orlofshús sem leyfa gæludýr.....	61
Ferðaávisun.....	62
Útilegukortið.....	63
Veiðikortið.....	63
Göngur og gisting með ferðaávisun ..	64
Haförn.....	66



Fjölbreyttir orlofskostir í boði

Orlofsblað Sameykis stéttarfélags í almannajónustu fyrir árið 2024 inniheldur allar upplýsingar um orlofseignir félagsins sem standa félagsfólki til boða. Einnig eru í blaðinu kynntar eignir sem verða einungis í dagleigu í sumar og eru þær merktar sérstaklega í flípa við hvert hús. Félagið á nú 59 eignir, þar af þrjár á Spáni.

Félagið stendur nú fyrir byggingu nýrra orlofshúsa á Úlfjótssvatni og þess vegna verður það svæði ekki boðið til úthlutunar á þessu ári. Sameyki leggur mikla áherslu á að bjóða félagsfólki upp á falleg orlofshús með góðri aðstöðu í fallegu umhverfi. Sameyki tekur á leigu nokkrar eignir víðs vegar um landið til að bjóða félagsmönnum fjölbreyttari orlofskosti.

Á Orlofshúsavef félagsins má finna fleiri valkosti í orlofsmálum: Gjafabréf í flug, bæði innanlands og utanlands, veiði- og útilegukort, ferðaávisanir fyrir gistingu innanlands og orlofsávisanir. Aðeins er hægt að sækja um og fá orlofsávisun á úthlutunartíma sumarorlofs sem er frá 24. maí til 23. ágúst 2024.

Í stjórn orlofssjóðs eru: Bryngeir Arnar Bryngeirsson, Kalla Björg Karlsdóttir, María Hlín Eggertsdóttir, Ólafur Hallgrímsson og Stefán Gíslason.



Orlofshús Sameykis við Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Óskum við þess að félagsfólk í Sameyki hafi ánægju af því að skoða þá orlofskosti sem í boði eru og njóti þess að dvelja í orlofshúsum félagsins.

VINSAMLEGA ATHUGIÐ

Frestur til að sækja um orlofshúsin er frá 1. mars til 24. mars. Úthlutun lýkur 27. mars.

Orlofstímabilið er 24. maí til 23. ágúst 2024.

Dagleiguhús opna 18. apríl.



Umgengni og frágangur

Félagsfólk sem leigir orlofshús ber ábyrgð á orlofshúsinu meðan á dvöl stendur og öllu sem því fylgir. Þrifa skal vel eftir sig m.a. ísskáp, eldavél og ofn, skápa, salerni og grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf og loka gluggum og útihurðum vandlega.

Félagsfólk er óheimilt að framselja öðrum leigurétt eða leyfa þriðja

aðila að leigja orlofshús Sameykis í sínu nafni. Hafi félagsfólk einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlega látið umsjónarmann á viðkomandi dvalarstað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Sameykis á skrifstofutíma.

Munið að ganga frá orlofshúsun-

um eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsin eru sameign félagsfólks í Sameyki og því mikilvægt að vel sé gengið um þau. Í flestum orlofshúsum Sameykis er myndlykill og netbeinir sem ýmist er hægt að tengjast beint eða gegn greiðslu. Upplýsingar um hvernig er hægt að kaupa sér áskrift má lesa um á staðnum.

MIKILVÆGT

Mikilvægt er að virða réttan komu- og brottfarartíma. Prentið út leigusamning áður en farið er í orlofshúsið, þar má m.a. finna upplýsingar um aðgang að lyklahúsi, komu- og brottfarartíma, símanúmer umsjónarmanns o.fl.

GÓÐ UMGENGNI

Góð umgengni er hagr okkar allra og því er mikilvægt að skilja við eins og við viljum koma að. Sameyki áskilur sér rétt til að innheimta fyrirvaralaust sérstakt þrífagjald þar sem ekki er nægjanlega vel skilið við. Góður frágangur er á ábyrgð leigutaka.

GÆLUDÝR

Gæludýr eru stranglega bönnuð á orlofshúsasvæðunum nema annað sé tekið fram, það gildir líka um gæludýr gesta.

REYKINGAR

Reykingar eru stranglega bannaðar í orlofshúsum Sameykis.

TAKA MED

Nauðsynlegt er að taka með í orlofshús; salernis-pappír, handsápu, sjampó, sængurfatnað, lök, handklæði, diskapurkur, borðtuskur, plastpoka, eldhúsrúllur, kaffipoka (filter), kol (ef kolagrill), kerti og eldspýtur, álpappír, krydd, sykur og olíu til steikingar.

Réttindi lífeyrisdeildar Sameykis til orlofsdvalar

Þegar félagsfólk hættir störfum og gerist félagar í lífeyrisdeild, þá heldur það punktægin sinni í orlofskerfinu. Um frekari ávinnslu punkta er þó ekki að ræða. Ekki eru greiddir punktar fyrir leigu orlofshúsa utan úthlutunartíma en félagar í lífeyrisdeild geta ekki sótt um úthlutun á tímabilinu frá 21. júní til 8. ágúst 2024. Þær vikur sem ekki leigjast fara svo í almenna úthlutun 18. apríl 2024, sem félagar

í lífeyrisdeildinni hafa rétt á að bóka til jafns við aðra. Félagar í lífeyrisdeildinni greiðir sömu leigu og aðrir félagar í Sameyki en ódýrar virka daga í Munaðarnesi og Vaðnesi og Úlfjótuvatni.

Framleiga til þriðja aðila óheimil

Ef í ljós kemur að félagar í lífeyrisdeild eða annað félagsfólk framleigja orlofshús til þriðja aðila mun það leiða til áminningar eins og

gildir um annað félagsfólk í Sameyki. Það getur einnig leitt til þess að það fái ekki að leigja orlofshús hjá félaginu. Ætlast er til þess að félagsfólk í Sameyki sé sjálft með í för meðan á dvöl stendur. Félagar í lífeyrisdeild hafa rétt til þess að nýta sér aðra þá orlofsmöguleika sem Sameyki býður upp á. Þar má nefna gjafabréf í flug, ferðaávisanir, veiði og útilegukort o.fl. sem auglýst er á vefsíðu Sameykis hverju sinni.

Orlofshúsavefur Sameykis



Orlofshúsavefur Sameykis má finna efst í hægra horninu á vef Sameykis þar sem lásmekið er. Undir því er smeltt á Orlofshúsavefur sem leiðir viðkomandi beint inn á Orlofshúsavefinn þar sem orlofshús Sameykis eru öll á einum stað. Einnig er hægt að slá inn beina slóð á Orlofshúsavef Sameykis, orlof.is/sameyki.

Til þess að bóka tímabil til orlofsdvalar þarf að hafa rafræn skilríki. Kerfið er einfalt í notkun og þar má finna lýsingar á öllum orlofskostum félagsins, húsum og íbúðum innanlands og erlendis auk gjafabréfa í flug, ferðaávisanir og veiði- og útilegukort o.fl.


Sækja um úthlutun

Til að sækja um úthlutun á orlofshúsi er smeltt á „Umsókn um“, þar er form sem fylla þarf út og fyrir neðan eru valmöguleikar gefnir. Í fyrri fellilistanum er orlofseign valin og í þeim seinna sú vika sem sótt er um. Velja má alla möguleika en ekki er þörf á að velja alla valmöguleikana.



Bóka orlofshús

Til að bóka orlofshús er best að fara í „Laus tímabil“ þar sem hægt er að sjá hvaða eignir eru lausar og á hvaða tíma. Þegar búið er að finna orlofshús og dagsetningu er smeltt á dagsetninguna fyrir viðeigandi hús. Þá kemur upp gluggi sem biður um brottfarardag. Þegar hann hefur verið valinn er smeltt á staðfesta. Síðan er farið í greiðsluferli. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er samningur sendur í tölvupósti.



Gjafabréf, miðar á viðburð og kort

Á Orlofshúsavefnum stendur félagsfólki Sameykis til boða að kaupa gjafabréf í flug á sérkjörum. Efst í valmyndinni er valið „Gjafabréf í flug o.fl.“. Til að kaupa miða eða kort er einfaldlega smeltt á viðeigandi vöru, gjafabréf eða viðburð. Þá opnast gluggi þar sem



hægt er að setja inn fjölda miða sem á að kaupa og þá er smeltt á „Setja í körfu“. Þá koma upp skilaboð um hvort félagsfólk vilji ganga frá greiðslu með því að smella á „Karfa“ eða halda áfram að versla með því að smella á „Halda áfram“. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er kvittun send í tölvupósti. Aðrir möguleikar eins og veiðikort og ferðakort er með sama hætti á vefnum. Þá er í boði fjöldi afsláttarkjara sem sjá má undir „Afsláttir“ á Orlofshúsavefnum.

Hagnýtar upplýsingar

Leiguverð orlofseigna er mismunandi eftir stærð og aldri þeirra ásamt því hvort leigt sé að sumri eða vetri. Verð fyrir vikuleigu í sumar innanlands er kr. 25.000-36.000. Helgarleiga á orlofshúsum er á bilinu kr. 17.000-20.000. Aukanótt yfir sumartíma kostar kr. 4.000. Orlofseignir okkar á Spáni eru einungis leigðar út í vikuleigu. Þær kosta frá kr. 58.000-115.000. Nánari upplýsingar um verð er að finna á Orlofshúsavef Sameykis, orlof.is/sameyki.

Endurgreiðslur á sumrin

Ef félagsmaður vill hætta við bókun orlofseignar með minna en tveggja vikna fyrirvara að sumri fæst leiguupphæð ekki endurgreidd nema eignin leigist aftur á sama tímabili og viðkomandi bókun.

Athugið að upphæð endurgreiðslu nemur aldrei hærri upphæð en andvirði þeirrar bókunar. Þegar um endurgreiðslu er að ræða er alltaf endurgreitt með sama greiðslumáta og notaður var við bókun, þ.e. inn á kreditkort ef greitt var með kreditkort, o.s.frv.

Endurgreiðslur á veturna

Ef félagsmaður vill hætta við bókun orlofseignar með minna en viku fyrirvara að vetri fæst leiguupphæð ekki endurgreidd nema eignin leigist aftur á sama tímabili og viðkomandi bókun. Athugið að upphæð endurgreiðslu nemur aldrei hærri upphæð en andvirði þeirrar bókunar. Hvað ófærð varðar ábyrgist Orlofssjóður snjómokstur á föstudögum og sunnudögum á stóru orlofssvæðunum: Munaðarnesi, Vaðnesi, Kjarnabyggð, Hálöndum, Úthlíð, Útfjótstvatni og Húsafelli en ekki aðra daga. Göngustigar innan orlofssvæða og að orlofshúsum eru ekki mokaðir. Leiguupphæð bókunar fæst ekki endurgreidd þó svo félagsfólk geti ekki nýtt sér dvöl að fullu vegna veðurs eða ófærðar.

Breyta bókun

Ef breyta þarf bókun skal að hafa samband við skrifstofu Sameykis. Skilvirkast er að senda tölvupóst á sameyki@sameyki.is. Í tölvupóstinum þarf að taka fram kennitölu leigutaka og hvaða breytingum óskað er eftir. Ef um verðbreytingu er að ræða er hægt að ganga frá greiðslu í framhaldinu á mínum síðum á Orlofsvefnum. Það á við hvort sem verðbreytingin sé hærri eða lægri. Annars er hægt að hringja á skrifstofuna í síma 525 8330. Góð regla fyrir brottför er að skrá sig inn á Orlofshúsavefinn og skoða leigusamninginn þar.

Ástæðan er sú að ef einhver breyting hefur átt sér stað frá því gengið var frá pöntun og til upphafs leigutímabils mun hún koma fram á þeim leigusamningi. Þessar breytingar geta átt við orlofseignina sjálfa, búnað á staðnum, umsjónarmenn, lyklnúmer (kóða) og fleira. Því er best að vera alltaf með nýjustu útgáfuna af leigusamningnum þar sem hún gildir.

Munurinn á bókun og úthlutun

Úthlutun: Auglýst er eftir umsóknum um ákveðin tímabil (páskar og sumar). Félagsfólk sækir um og eftir ákveðinn tíma fer úthlutun fram og svar berst í tölvupósti hvort að umsókn hafi verið samþykkt eða ekki.

Bókun: Félagsfólk fer sjálf inn á Orlofshúsavefinn og kynnir sér hvað er laust, bókar og greiðir. Þetta gildir fyrir dagleiguhús, lausar vikur á sumrin og utan úthlutunartíma.

Orlofspunktur

- Félagsfólk ávinnur sér 12 orlofspunkta á ári, þ.e. 1 punkt fyrir hvern unninn mánuð.
- Orlofspunktur stýra því hverjir eru í forgangi á úthlutunartímum. Því fleiri punkta sem félagsmaður hefur, því meiri möguleika hefur hann á að fá úthlutað.
- Hægt er að skoða punktastöðu á Orlofshúsavef Sameykis: orlof.is/sameyki.
- Punktastöður eru uppfærðar einu sinni á ári áður en páskaúthlutun fer fram.
- Félagar í lífeyrisdeild ávinna sér ekki punkta eftir starfslok.
- Úthlutanir/orlofsmöguleikar „kosta“ mismarga orlofspunkta. 10 punktar fyrir orlofsávisun en 40 punktar fyrir vikuleigu í sumarhúsum og íbúðum á úthlutunartíma. Orlofshús sem bókast ekki eftir að úthlutun lýkur eða losna óvænt á úthlutunartímanum kosta líka punkta. Dagleiguhús kosta 5 punkta fyrir hvern dag. Orlofshús sem bókuð eru utan úthlutunartíma kosta ekki punkta. Gjafabréf, ferðaávisun, útilegukort og veiðikort kosta ekki punkta.



Ekki gleyma að sækja um úthlutun í sumar

Á Orlofshúsavefnum er hægt að bóka hús og sækja um úthlutun. Við hvetjum alla til að kynna sér vefinn vel og þá orlofskosti sem í boði eru. Til að sækja um úthlutun á orlofshúsi er smeltt á ***Umsókn um úthlutun*** sem flytur viðkomandi inn á ***Mínar síður***. Þar er form sem fylla þarf út og valmöguleikar sem þarf að velja um.

Í fyrri fellilistanum er orlofseignin valin og í þeim seinni sú vika eða tímabil sem sótt er um.

Munaðarnes

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á orlofssvæði Sameykis í Munaðarnesi undanfarin ár. Sameyki á 22 hús í Munaðarnesi í fjórum hverfum. Þrjú hús í Bjarkarási og er hús nr. 10 sérstaklega hannað með tilliti til aðgengis fyrir hreyfihamlaðra. Fjögur hús eru í Vörðuási, sex hús eru í Eyrarhlíð og níu í Stekkjarhóli. Húsin eru mismunandi að stærð, frá 54-90 fm og rúma 5-7 gesti. Í öllum húsunum ókeypis internet. Fimm hús í Munaðarnesi verða í dagleigu í sumar. Hægt er að hlaða rafmagnsbíla á svæðinu.

Á svæðinu eru leiktæki fyrir börn á fleirum en einum stað þar sem má finna rólur, fótboltavöll, minigolf, ærslabelgi, aparólur, leikkastala o.fl. Gasgrill er í öllum húsunum. Nánari upplýsingar má finna á Orlofshúsavef Sameykis.





Bjarkarás

Hús nr. 3 og 5 við Bjarkarás eru um 85 fm að stærð með þremur svefnherbergjum. Svefnpláss er fyrir 6-7 manns í húsi nr. 3 en fyrir 6 manns í húsi nr. 5. Í öllum herbergjum eru rúmin af stærðinni 153x200 sm. Það eru ekki aukadýnur í húsunum. Hús nr. 10 er 70 fm með þremur svefnherbergjum og er hannað með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Til dæmis má nefna að góður rampur liggur að húsinu. Dyraop eru víðari en gerist og gengur og hægt er að hækka og lækka eldhúsinnréttingu að hluta til með rafbúnaði. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Verandir í kringum húsin eru stórar með heitum potti, garð- húsgögnum og gasgrilli. Hreyfihamlaðir gestir sem eiga erfitt um vik með þríf geta haft samband við skrifstofu Sameykis í síma 525 8340 varðandi kaup á þrífum.



Fermetrar	85
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6-7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Frítt
Gæludýr leyfð	Nei





Eyrarhlíð

Í Eyrarhlíð eru 6 orlofshús, frá 85- 98 fm að stærð. Í hverju þeirra eru þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir 6-8 manns. Tvö þeirra eru með tvíbreiðum rúmunum og í öðru þeirra er koja þvert yfir rúmið. Þriðja herbergið er með kojum. Í eldhúsi er allur nauðsynlegur búnaður og tæki s.s. ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Stór verönd er í kringum húsin með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli.



Fermetrar	85-98
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6-7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Fritt
Gæludýr leyfð	Nei



Stekkjjarhóll

Hús nr. 72, 73, 76 og 77 við Stekkjarhól eru 77-83 fm. Í hverju þeirra eru 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir allt að 6 manns. Í húsunum eru tvö herbergjanna með 160 sm hjónarúmi og þriðja herbergið með kojum. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í kringum húsin er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og grilli. Þrjú svefnherbergi eru í húsum nr. 78, 79 og 80. Svefnpláss er fyrir 7 manns í tveimur 160 sm hjónarúmum og kojum. Neðri koja er 120 sm á breidd en sú efri 90 sm. Orlofshús nr. 74. og 75 eru af eldri gerðinni og eru 54 fm. Hús nr. 74 er með tveimur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir 4-5 og hús nr. 75 er með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir 6 manns. Hús nr. 80 er með aðgengi fyrir hreyfihamlaða.



Fermetrar	54-90
Fjöldi svefnherbergja	3
Rúm fyrir allt að.....	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6-8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Frítt
Gæludýr leyfð	Nei



Vörðuás

Sameyki á fjögur hús í Vörðuási. Þrjú eru 63 fm með tveimur svefnherbergjum með svefnplássí fyrir 5 manns. Í hjónaherbergi er rúmið 153x200 sm að stærð. Hús nr. 17 er 83 fm með þremur herbergjum og svefnpláss er fyrir allt að 6 manns. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 12 manns. Í kringum húsin er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Athugið að hús nr. 17 er stærra en hin húsin.



Fermetrar	63-83
Fjöldi svefnherbergja	2-3
Svefnpláss	5-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	5-8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Frítt
Gæludýr leyfð	Nei





Birkihlíð

Birkihlíð orlofshús BSRB í Munaðarnesi er opið fyrir félagsfólk Sameyki og einnig öllum aðildarfélögum BSRB. Getur það sótt um að leigja húsið, sem er eina orlofshúsið sem BSRB hefur í útleigu.

Birkihlíð er á tveimur hæðum og var allt tekið í gegn fyrir sumarið 2021. Birkihlíð hefur svefn- aðstöðu fyrir átta fullorðna auk þess sem þar er ferðarúm fyrir börn.

Á efri hæð hússins er samliggjandi stofa og borðstofa þaðan sem opið er inn í eldhús. Á hæðinni er einnig stórt svefnherbergi með hjónarúmi auk lítils salernis. Á neðri hæð hússins er sjónvarpskrókur með svefnsófa auk tveggja svefnherbergja með aðskildum rúmum. Þar er einnig stórt baðherbergi með þvottavél, þurrkara og sturtu.

Af neðri hæðinni er hægt að ganga út á pallinn þar sem heiti potturinn er ásamt gasgrilli. Sólballurinn er veglegur og nær í kringum þrjár hliðar hússins, með fallegu útsýni yfir Norðurá.

Bókanir og frekari upplýsingar um útleigu hússins eru veittar á skrifstofu BSRB í síma 525 8300 eða í gegnum netfangið bsrb@bsrb.is.





Skorradalur

Í Skorradal er glæsilegt 80 fm heilsárshús með 3 svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi og stofu sem eru í einu rými. Í húsinu er svefnaðstaða fyrir 6. Eitt svefnherbergið er með tvöföldu rúmi, sem hægt er að taka í sundur, en hin herbergin tvö eru með rúmum sem hvort um sig er 140 sm á breidd. Einnig eru tvær aukadýnur í húsinu. Húsið er búið öllum nútímaþægindum. Borðbúnaður er fyrir 8 manns. Á verönd er rafmagnspottur, gasgrill, borð og stólar. Athygli skal vakin á því að það eru margar tröppur upp að húsinu og því getur það verið óhentugt fyrir þá sem eiga erfitt með gang.



Fermetrar	80
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft.	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll.....	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp.....	Já
Heitur pottur (Rafmagns)	Já
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Brandugla

Branduglan sem gervigreindarforritið Firefly AI teiknar hér svo snilldarlega er eina uglian sem er útbreiddur varpfugl hér á landi.

Hún er móbrún að ofan með ljósum dílum, þéttar langrákir eru á bringu og dreifðari rákir á kviði. Hún er með kringlótt, ljóst andlit, dökkar augnumgjarðir og lítil fjaðraeyru sem hún reisir stundum. Vængir eru langir, ljósari að neðan, með dökku mynstri á og við vængbrodda. Stélið er þverrákótt og hún virðist ljós á flugi.

Á Fuglavefnum segir að aðalfæða branduglu séu hagamýs, hún flýgur hljóðlaust lágt yfir landi, skurðum eða kjarrlendi þar sem músa er að vænta. Verpur í lyngmóum, kjarri eða graslendi, oft þar sem blautt er. Hún heldur sig á veturna í skóglendi og görðum þar sem hagamýs eru mögulega á ferðinni. Brandugla hóf að verpa hér á síðustu öld og verpur nú dreift á láglandi í öllum landshlutum, en er algengust á Norðurlandi, Vesturlandi og vestanverðu Suðurlandi.

Heimild: Fuglavefurinn





Húsafell

Sameyki á tvö hús við Hraunbrekkur. Þau eru 64 fm með 2 hjónaherbergjum, 1 svefnherbergi með svefnplássi fyrir þrjá og 30 fm svefnlofti. Fimm góðar aukadýnur eru á svefnlofti. Í hvoru húsi er borðbúnaður, sængur og koddar fyrir 12 manns. Í kringum húsin er verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Í húsunum eru leyfð gæludýr. Orlofshúsin standa nálægt hvort öðru á grónum og rólegum stað innarlega á svæðinu en auðvelt er að nýta sér þjónustuna sem veitt er á Húsafelli, sundlaug, golfvöll, verslun o.fl.



Fermetrar	64
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	8-12
Svefnloft	Já
Aukadýnur	5
Fjöldi sænga	12
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já



Selásar

Sameyki á hús í Borgarbyggð sem er örstutt frá Munaðarnesi. Húsið er 120 fm með svefnaðstöðu fyrir 10 manns. Þrjú svefnerbergi eru á neðri hæð, hjónaherbergi með 140x200 sm rúmi og tvö kojuberbergi þar sem neðri kajan er 120 sm og efri 80 sm að breidd. Sömuleiðis er bað, eldhús og stofa í sameiginlegu rými. Einnig er svefnloft í húsinu með 120 sm rúmi, tveimur aukadýnum og sófa, og svefnaðstaða fyrir 1-2 í gestaherbergi sem er baka til í gestahúsi með sérinngangi. Þar er 120 sm breitt rúm. Í húsinu er allur almennur búnaður auk þvottavélar og borðbúnaðar fyrir 12 manns. Í kringum húsið er stór verönd með heitum potti, útihúsgögnum, gasgrilli og litlum leikkofa fyrir börnin.



Fermetrar	120
Fjöldi svefnherbergja	4
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Já
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Arnarstapi

Orlofshúsið á Arnarstapa stendur við Sölvaslóð sem er hverfi með 13 sumarhúsum. Orlofshúsið var málað að utan og endurinnréttað að innan 2022. Húsið er 60 fm með 2 hjónaherbergjum og þriðja herbergið er með kojum. Á svefnlofti eru 4 dýnur. Sængur og koddar eru fyrir alls 10 manns í húsinu og í eldhúsi er allur almennur búnaður fyrir 10 manns. Við húsið er verönd með heitum rafmagnspotti, útihúsgögnum og gasgrilli. Gæludýr eru leyfð í húsinu á Arnarstapa.



Fermetrar	60
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Já
Aukadýnur.....	4
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur (Rafmagns)	Já
Grill	Gas
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengi og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.

Þráðlaust net
Gæludýr leyfð



Stykkishólmur

Um er að ræða 95 fm einbýlishús að Reitarvegi 2 í Stykkishólmi sem byggt er árið 1906 en hefur verið endurnýjað öllu leyti bæði að utan sem innan, með útsýni yfir sjóinn. Í húsinu eru tvö svefnherbergi. Í öðru er hjónarúm og hinu koja fyrir tvo (2x100x200 sm). Í stofu er svefnsófi fyrir tvo. Þá geta samtals 6 manns gist í húsinu.

Leigusali sér um að gólfmoppur, þvottaefni og annað sem nota þarf til að þrifa sé til í húsinu. Húsið er fullbúið helstu húsgögnum, raftækjum og búsaðhöldum. Ferðabarnarúm og barnastóll fylgir. Einnig fylgir útvarp og sjónvarp, kolagrill (gott er að koma með kol), og útihúsgögn, borðstofuborð, borðstofustólar, sófasett og stofuborð. Í eldhúsi er eldavél með fjórum hellum og bakarofni. Örbylgjuofn, ísskápur, kaffikanna, hraðsuðuketill, þeytari, brauðrist, panna og önnur nauðsynleg eldhúsaðhöld. Á baði eru góð hreinlætistæki og sturta. Þvottavél er í húsinu.

Orlofsgestir eru beðnir um að hafa samband við umsjónarmann áður en farið er úr húsinu að lokinni dvöl.

Gæludýr eru leyfð með takmörkunum. Ekki er leyfilegt að vera með fleiri en tvo hunda í húsinu.



Fermetrar	95
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur.....	Nei
Uppþvottavél	Nei
Grill	Kol
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur.....	Já
Uppþvottalögur.....	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði.....	Nei
Tuskur og viskustykki.....	Nei
Internettenging.....	Kostar
Gæludýr leyfð.....	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.

Práðlaust net
Gæludýr leyfð



Hellissandur

Sameyki er með á leigu orlofskost á Hellissandi. Í húsinu er fjöldi svefnherbergja 2 til 3, þar af tvö herbergi með 2x80 sm rúmunum og er annað þeirra rafmagnsrúm. Í sjónvarpsherbergi er svefnsófi þar sem tveir geta gist. Í stofunni er stór sófi í opnu rými sem einnig er hægt að nýta sem svefnpláss. Hellissandur er á Snæfellsnesi, vestast á nesinu norðanverðu. Þar er sjóminjasafn þar sem elsta áraskip sem til er á Íslandi, Bliki, er staðsett en hann var smíðaður 1826. Skammt frá þorpinu eru margar helstu náttúruperlur sem Snæfellsnes hefur upp á að bjóða.



Forvitnilegt getur verið að heimsækja kirkjuna á Ingjaldshóli, rétt hjá Hellissandi. Hún er vera talin elsta steinsteypta kirkja heims, vígð 1903. Kirkjustaður frá árinu 1696.



Fermetrar	105
Fjöldi svefnherbergja	2-3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Já
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei



Norðurás

Sameyki á 100 fm orlofshús við Norðurás 1, Svínadal, Hvalfirði. Húsið er með þremur svefnherbergjum fyrir 6 manns. Tvö rúm um 160x200 sm og eitt rúm ca 140x200 sm, að auki eru tvær dýnur. Sængur og koddar eru fyrir 8. Húsið er vel búið og í því allur almennur eldhúsbúnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Á 100 fm barnheldri verönd eru garðhúsgögn, gasgrill og heitur pottur. Þvottavél er í geymslu.



Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Hólmavík

Einbýlishús á einni hæð við Lækjartún á Hólmavík. Húsið er um 105 fm með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 6 manns. Í húsinu er vel búið eldhús og þvottahús. Úr stofu er gengið út á gróna lóð með útsýni yfir Skeljavík, Skeljavíkurháls og Kálfanesfjall. Úr þvottahúsi er gengið út á sólpall, þar er aðstaða til að grilla. Á Hólmavík er m.a. góð sundlaug með heitum pottum, kaffihús og verslanir auk ágætrar afþreyingar fyrir ferðamenn s.s. golfvöllur og hestaleiga.



Fermetrar	105
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6-8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Þvottavél	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	2
Uppþvottavél/Uppþvottalögur	Já/Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei



Bær III

Sameyki hefur á leigu 180 fm einbýlishús í Strandasýslu. Í húsinu eru fimm rúmgóð svefnherbergi með svefnpláss fyrir 10 manns. Að auki fylgja húsinu tvær aukadýnur og barnaferðarúm. Eldhúsið er stórt og ágætlega búið og stofan einnig. Í húsinu er þvottahús. Gasgrill og útihúsgögn fylgja með húsinu. Húsið stendur á fallegum stað og þaðan er gott útsýni yfir Steingrímsfjörð og Grímsey. Staðsetningin hentar vel til ferðalaga um Vestfirði m.a. í Árneshrepp á Ströndum og vestur í Ísafjarðardjúp. Stutt er í Drangsnæs þar sem er góð sundlaug, heitur pottur við sjóinn, veitingastaður og verslun. Hægt er að bóka ferðir út í Grímsey og í sjóstangaveiði frá Drangsnesi.



Fermetrar	180
Fjöldi svefnherbergja	5
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei



Suðureyri

Íbúðarhúsið Hjallavegur 3 á Suðureyri er einbýlishús á tveimur hæðum og stærð þess í heild er 163,2 fm en íbúðin sem um ræðir er á efri hæð hússins. Engir íbúar eru á neðri hæð þess. Efri hæðin er um 110 fm með þremur svefnherbergjum, stórrí stofu, nýlega uppgerðu baðherbergi með sturtu og góðu eldhúsi með upprunalegri en snyrtilegri eldhúsinnréttingu. Svefnpláss er fyrir 6 manns í íbúðinni auk barnarúms.



Fermetrar	110
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Þvottavél	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottavél/Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei
Hleðslustöð fyrir rafmagnsbíl	Já



Krossholt

Sameyki er með til leigu yfir sumarið einbýlishús á Barðaströnd. Húsið er 118 fm og svefnpláss fyrir allt að 8 manns. Svefnherbergin eru þrjú, í einu þeirra er hjónarúm en í hinum 90 sm rúm. Tvær aukadýnur eru einnig í húsinu. Eldhúsið er vel búið með eldavél og uppvottavél, einnig er þvottavél í húsinu. Stór verönd er við húsið með heitum potti, gas- og kolagrilli.



Fermetrar	118
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	10
Grill	Gas og kol
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei



Akureyri & nágrenni

Sameyki býður upp á fjölbreytta orlofskosti á Norðurlandi, alls um 5 eignir á Akureyri og í næsta nágrenni. Sameyki á tvær íbúðir í bænum, tvö hús í Hálöndum og eitt orlofshús í Kjarnabyggð.





Skálatún

Við Skálatún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir 5-6 manns. Í tveimur svefnherbergjanna eru 4 rúm sem hægt er að setja saman tvö og tvö en í því þriðja er eitt 140 sm breitt rúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill.



Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	5-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Hamratún

Við Hamratún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir allt að 8 manns. Í einu svefnherbergjanna er tvíbreitt rúm og í öðru herbergi eitt 140 sm rúm. Í forstofuherbergi eru kojur og eitt 100 sm rúm. Auk þess eru 2 góðar aukadýnur og 2 minni (fyrir börn) og barnaferðarúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10 manns. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill. Heitur pottur er á verönd í garði við enda hússins.



Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	5-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfd	Nei



Ný orlofshús á Úlfjótssvatni

Nýju húsin á orlofssvæði Sameykis við Úlfjótssvatn verða 105 fermetrar að stærð, með þremur svefnherbergjum fyrir allt að sex manns, baðherbergi, eldhúsi og borðstofu í opnu rými og þægilegri setustofu og sjónvarpi. Heitur pottur verður við hvert hús og 90 fermetra verönd sem útgengt verður út á úr baðherbergi. Orlofshúsin munu falla vel að umhverfinu og eru með gólfsíðum gluggum sem hleypa inn birtu í húsið.

Samkvæmt nýju deiliskipulagi fyrir orlofssvæðið verða lóðirnar stækkaðar og er reiknað með að hvert og eitt orlofshús standi á rúmlega 5000 fermetra lóð með góðu útsýni yfir dalinn til vesturs annars vegar og yfir Úlfjótssvatn til norðurs hins vegar. Fjarlægðin á milli nýju orlofshúsanna verður mun meiri en þeirra eldri og næðið því meira og betra.

Áætlað er að verkefnið taki um tvö ár frá því vinna hefst við að reisa fyrsta húsið.

Kjarnabyggð

Orlofshúsið í Kjarnabyggð í Kjarnaskógi stendur við Götu Mánans og er um 70 fm að stærð. Svefnpláss er fyrir alls 6 manns, þ.e. fyrir 4 í tveimur hjónaherbergjum og fyrir 2 í barnaherbergi. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns og borðbúnaður fyrir 10. Góð verönd er í kringum húsið með útihúsgögnum, gasgrilli og heitum potti. Rampur er fyrir ofan húsið svo aðgengi fyrir fatlaða er þokkalegt. Húsinu fylgja tvö reiðhjól fyrir fullorðna og tvö barnareiðhjól og eru þau í kjallara ásamt þvottavél. Kjarnabyggð er gegnt flugvellinum á Akureyri og um 3,5 km frá miðbæ Akureyrar.



Fermetrar.....	70
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Fálki

Fálki eða valur er stór og tígulegur ránfugl, með langa, breiða, odddregna vængi og langt stél, og er stærsti fugl fálkaættarinnar.

Hann er breytilegur að lit, fullorðinn fálki er venjulega grár eða grábrúnn að ofan með hvítum doppum og rákum, ljósari að neðan, oftast hvítur eða ljósgulleitur með dökkum rákum og dílum. Höfuðið er meira eða minna rákótt, stundum með greinilegum skeggrákum. Karlfugl er venjulega ljósari, en kvenfugl stærri. Goggur er krókboginn, á fullorðnum fálka er hann grár með gulri vaxhúð, fætur eru gulir og augu stór, dökkbrún með gulan augnhring.

Fálkinn flýgur með hröðum, kraftmiklum vængjatökum og grípur oft til renniflugs, hann er hraðfleygur og mjög fimur á flugi. Á haustin má stundum sjá nokkra ungfálka saman en yfirleitt er fálkinn einn eða hjónin saman.

Eins og lesendur sjá er þessi mynd búin til með gervigreindarforriti AI.

Heimild: Fuglavefurinn







Holtaland

Sameyki á tvö orlofshús í Hálöndum í brekkunni miðja veginni milli Akureyrarbæjar og skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. Þar er nýtt útivistarsvæði þar sem fleiri stéttarfélög eiga hús. Húsin eru bæði þriggja herbergja (106 fm) með gistimöguleika fyrir 8 manns. Í húsunum eru tvær snyrtingar. Inn af annarri snyrtingunni er þvottaherbergi en hin snyrtingin er hluti af baðaðstöðu sem tengist pottrými hússins. Hægt er að ganga beint úr pottrými út á suðuverönd. Í húsinu er einnig stór geymsla með sérinngangi enda gert ráð fyrir að gestir séu margir hverjir með skíði eða viðlegubúnað að vetri sem getur verið gott að geyma og þurrka.



Fermetrar	106
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	8
Svefnsofi í stofu	Nei
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	12
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfd	Nei

Þráðlaust net
Sumarleiga
Dagleiga



Hólar í Hjaltadal

Sameykí hefur á leigu eina íbúð að Hólum í Hjaltadal. Um er að ræða snyrtilega og vel búna 5 herbergja íbúð á jarðhæð. Í fjórum svefnherbergjum er svefnpláss fyrir sjö manns. Þvottahús er í íbúðinni. Að Hólum er sundlaug og margvísleg þjónusta fyrir ferðamenn.



Fermetrar	98
Fjöldi svefnherbergja	4
Svefnpláss fyrir	7
Svefnsófi í stofu	Nei
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Nei
Heitur pottur	Nei
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Nei
Gæludýr leyfð	Nei



Hrísey

Sameyki er með til leigu íbúð í Hrísey sem staðsett er á fyrstu hæð í húsi við hliðina á Hríseyjarbúð rétt við höfnina. Íbúðin er tveggja herbergja, nýuppgerð, með svefnplássi fyrir sex og er á annarri hæð. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi og í öðru þeirra eru tvær barnakojur. Hægt er að leigja sængurföt og handklæði á staðnum.

Í Hrísey er u.þ.b. 200 manna byggð í snyrtilegu sjávarporpi með hellulögðum götum og ræktarlegum gördum. Til Hríseyjar gengur ferjan Sævar, á einnar til tveggja stunda fresti, frá Árskógssandi. Siglingin tekur aðeins um 15 mínútur.

Í eyinni er m.a. hægt að fara í skemmtilegar gönguferðir, skoða hús Hákarla-Jörundar, fara í sund, spila frísbíggolf eða bara njóta friðsældarinnar og fuglalífsins á þessum einstaka stað.



Fermetrar	76
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppbrottavél	Já
Pvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Já
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Þráðlaust net



Illugastaðir

Sameyki leigir hús á Illugastöðum í Fnjóskadal. Húsið er með tveimur svefnherbergjum og er ætlað fyrir 6-8 manns. Húsið er ágætlega búíð með borðbúnaði fyrir átta. Umhverfis húsið er verönd með garðhúsgögnum og gasgrilli. Þá er þar einnig heitur pottur. Hægt er að fá barnarúm og stól hjá umsjónarmanni. Á svæðinu er einnig sundlaug.



Sumarleiga



Fermetrar	45
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	8
Svefnsófi í stofu	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Kol
Heitur pottur	Já
Pvottavél	Nei
Gólfmoppur	Já
Ræstiefni	Já
Uppbættalögur	Nei
Internettenging	Nei
Gæludýr leyfð	Nei

Barnarúm/barnastól er hægt að fá hjá umsjónarmanni



Eiðar

Á orlofshúsasvæðinu Eiðum á Sameyki 6 hús, nr. 5, 10, 11, 12, 13 og 14. Í öllum húsunum eru þrjú svefnherbergi og 2 aukadýnur. Þar er svefnpláss fyrir allt að 7 manns. Eldhús eru ágætlega búin og borðbúnaður fyrir átta manns. Athugið að í húsum nr. 4, 5, 10 og 12 er ekki eldavél heldur einungis eldavélarhellur og enginn bakarofn. Pallar í kringum húsin eru rúmgóðir með útihúsgögnum og gasgrilli. Margt er hægt að skoða í nánasta umhverfi og merktar gönguleiðir eru við Eiðavatn. Frá Eiðum eru 14 km að næsta þéttbýliskjarna, Egilsstöðum. Þar er sundlaug, matvöruverslanir og ýmis önnur þjónusta. Golfvöllur er í Fellabæ.



Fernetrar	54
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppbottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Gæludýr leyfð	Nei

Sumarleiga
Dagleiga



Einarsstaðir

Einarsstaðir eru á Völlum á Fljótsdalshéraði. Orlofshúsið er 50 fm að stærð með þremur svefnherbergjum, þar af tveimur með kojum. Í húsinu er stofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri. Heitur pottur er við húsið.

Hægt er að leigja lín hjá umsjónarmanni og kostar settið kr. 1.200. Einnig baðhandklæði fyrir kr. 400. Tvær golfkylfur fylgja húsinu þar sem minigolfvöllur er á svæðinu. Þrifa skal bústaðinn að leigu lokinni.



AUSTURLAND

Sumartéiga



Fermetrar	50
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	5-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Já
Fjöldi sænga og kotta	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Uppbrottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Já
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Nei
Gæludýr leyfð	Nei



Úthlíð

Sameyki á 93 fm hús í Úthlíð í Biskupstungum. Aðalhúsið er með tveimur svefnherbergjum hvort með 153x200 sm rúmi. Í öðru er koja yfir rúmi, gisting fyrir 6-8 manns. Á lofti eru tvö rúm 90x200 sm ásamt aukadýnum. Í alrými er eldhús, borðstofa og stofa. Í 20 fm gestahúsi er svefnpláss fyrir 4-6, baðherbergi með sturtu, ísskápur og sjónvarp. Svefnpláss fyrir allt að 12 manns. Húsið er vel búið og í eldhúsi er borðbúnaður fyrir 12 manns, baðherbergin í báðum húsum hafa verið endurnýjuð og aðstöðu fyrir þvottavél bætt við. Stór verönd er kringum húsið með heitum potti og útihúsgögnum. Úthlíð er gróð orlofshúsaðverfi. Í hverfinu er m.a. og verslun og golfvöllur.



Fermetrar	93
Fjöldi svefnherbergja	2
Gestahús	1
Svefnpláss fyrir	12
Svefnsófi í stofu	Nei
Svefnloft	Já
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	12
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	12
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Já
Ræstiefni til þrifa	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei





Hólasetur

Sameyki á orlofshús í landi Fellskots í Biskupstungum sem til stendur að verði endurnýjað í vor. Húsið er 85 fm með svefnplássi fyrir 7 manns. Við húsið er 26 fm gestahús með rúmplássi fyrir 4. Baðherbergi með sturtum er í báðum húsunum. Allur almennur eldhúsbúnaður og borðbúnaður er í húsinu fyrir 12 manns. Á verönd er heitur pottur og útihúsgögn. Stór lóð er í kringum húsin og er þar m.a. körfuboltavöllur. Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.



Fermetrar	111
Fjöldi svefnherbergja	3 til 4
Svefnpláss fyrir	11
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	12
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.

Bráðlaust net
Gæludýr leyfð



Vaðnes

Sameyki er með sjö hús í útleigu við Bollagarða í Grímsnesi. Þau eru öll 60 fm að stærð með 3 svefnherbergjum þar sem er svefnpláss fyrir sex manns. Hjónaherbergi eru tvö og eitt kojuberbergi. Í eldhúsi er að finna uppþvottavél og öll algeng eldhúsáhöld og borðbúnað fyrir 10 manns. Þá er heitur pottur og góð verönd umhverfis húsin með garðhúsgögnum og gasgrilli. Orlofshúsasvæði Vaðness er fallegt gróið svæði í miðju Grímsnesinu og þar er m.a. leiksvæði með fótboltavelli, rólum o.fl. Hægt er að hlaða rafmagnsbíla á svæðinu.



Fermetrar	60
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Akrasel

Sameyki á sumarhús í Akraseli við Álftavatn í Grímsnesi. Húsið er 58 fm með þremur svefnherbergjum og er svefnpláss fyrir 6 manns. Húsið er vel búið öllum venjulegum húsbúnaði. Borðbúnaður er fyrir 12 manns. Á verönd við húsið er heitur pottur, gasgrill og útihúsgögn. Við húsið er leiksvæði með rólum og sandkassa. Leyfilegt er að hafa gæludýr í húsinu.



Fermetrar	58
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Gas
Þvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já*

*Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð.



Lundi

Þessi fallegi fugl, vinur okkar lundinn, er af svartfuglaætt, og auðvitað af ættkvísl lunda. Hann gengur undir ýmsum gæluheitum og er stundum kallaður „litli munkur í norðri“ eða „litli bróðir í norðri“. Algengt er að lundinn sé kallaður prófastur sökum útlits og hátta. Lundaunginn er kallaður kofa en í Vestmannaeyjum gengur hann undir heitinu lundapysja.

Lundinn er algengastur við strendur Íslands og er talið að 60% af öllum stofninum verpi við Ísland. Hann verpir í stórum þyrpingum í holur sem hann grefur í jarðveginn. Það má segja að svartfuglum svipi nokkuð til mörgæsa að líkamsbyggingu og lítasamsetningu.

Þessi mynd, eins og aðrar af fuglum í blaðinu, er unnin með gervigreind, nánar tiltekið Firefly AI sem byggir á milljónum ljósmynda úr Shutterstock ljósmyndabankanum.

Heimild: Fuglavefurinn



An aerial photograph of a residential neighborhood in Reykjavik, Iceland. The houses are built on a hillside and feature a variety of vibrant colors including yellow, orange, red, green, and blue. Many of the houses have multiple stories and gabled roofs. Some roofs are covered in snow, while others are dark. Bare trees are scattered throughout the scene, and a street with a few cars is visible at the bottom.

Reykjavík

Sameyki á fjórar eignir í Reykjavík; eina íbúð í Sóltúni og þrjár íbúðir á Grandavegi.

Íbúðirnar eru frá 80-122 fm að stærð og eru þriggja til fjögurra herbergja.

Þó margt félagsfólk í Sameyki nýti sér orlofskosti í Reykjavík fyrir skrepp á virkum dögum í læknisheimsóknir, eru þær einnig tilvaldar til að nýta sér t.d. yfir helgi.



Sóltún 12

Íbúðin er í fjölbýlishúsi við Sóltún í Reykjavík. Þetta er glæsileg 100 fm endaíbúð á 3. hæð og henni fylgja tvennar svalir. Lyfta er í húsinu. Íbúðin er þrígga herbergja. Svefnpláss er fyrir 5, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, í barnaherbergi er koja fyrir 2 og 1 stakt rúm (90 sm). Í íbúðinni er allur almenntur búnaður og borðbúnaður fyrir 10 manns.



Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	5
Svefnsófi	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	5
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Nei
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internetting	Frítt
Gæluþyr leyfð	Nei

Bráðlaust net
Eingöngu fyrir landsbyggðina
Daglega

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ



Grandavegur 42

Íbúðin á Grandavegi 42D er fjögurra herbergja íbúð (121 fm) á þriðju hæð ásamt 22 fm svölum. Íbúðin er með þremur svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum. Svefnaðstaða er fyrir alls 6 manns í þremur tvíbreiðum rúmum. Í íbúðinni er allur almennur búnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Þvottavél er íbúðinni. Bílastæði í bilageymslu fylgir íbúðinni.

Íbúðin á Grandavegi 42G er fjögurra herbergja íbúð (103 fm) á þriðju hæð ásamt 9 fm svölum. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og svefnaðstöðu fyrir fyrir alls fjóra í tveimur í tvíbreiðum rúmum. Í íbúðinni er allur almennur búnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Þvottavél er íbúðinni. Bílastæði í bilageymslu fylgir íbúðinni.



Grandavegur 42D	Grandavegur 42G
Fermetrar 121	Fermetrar 103
Fjöldi sv.herbergja 3	Fjöldi sv.herbergja 2
Svefnpláss fyrir 6	Svefnpláss fyrir 4
Svefnsófi Nei	Svefnsófi Nei
Aukadýnur Nei	Aukadýnur Nei
Fjöldi sænga 6	Fjöldi sænga 4
Barnarúm Já	Barnarúm Já
Barnastóll Já	Barnastóll Já
Sjónvarp Já	Sjónvarp Já
Útvarp Já	Útvarp Já
Heitur pottur Nei	Heitur pottur Nei
Grill Nei	Grill Nei
Uppþvottavél Já	Uppþvottavél Já
Ræstiefni Já	Ræstiefni Já
Gólfmoppur Já	Gólfmoppur Já
Uppþvottalögur Nei	Uppþvottalögur Nei
Tuskur/viskustykki Nei	Tuskur/viskustykki Nei
Internettenging Kostar	Internettenging Kostar
Gæludýr leyfð Nei	Gæludýr leyfð Nei





Grandavegur 45

Sameyki á íbúð í fjölbýlishúsi á Grandavegi 45. Íbúðin er 3ja herbergja á 1. hæð. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, 2 í barnaherbergi og 2 á sófa í holi. Í eldhúsi eru öll algengustu áhöld ásamt borðbúnaði fyrir 10 manns. Íbúðin er vel útbúin húsgögnum og stutt er í alla þjónustu í nærliggjandi umhverfi.



Fermetrar	80
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnsófi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Nei
Uppbrottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Práðlaust net
Eingöngu fyrir landsbyggðina
Daglega

HÖFUDBORGARSVÆÐID

Spánn

Tenerife - Los Cristianos
Alicante - Los Arenales del Sol
Valencia - Quesada

Sameyki á tvær eignir á Spáni,
eina á Tenerife og aðra á Alicante.
Félagið áframleigir svo þriðju
eignina sem er staðsett í Quesada.

Um er að ræða raðhús á Tenerife
í austurhluta Los Cristianos, eina
íbúð í fjölbýlishúsi við ströndina
Los Arenales del Sol á Alicante
og íbúð á jarðhæð í Quesada.

Eignirnar eru allar vel útbúnar
og vel staðsettar.

Ítarlegar upplýsingar um
eignirnar á Spáni má finna á
Orlofshúsavef Sameykis.





Tenerife NÝTT

Um er að ræða raðhús, Villa Portofino 5B, sem er 186 fermetrar á tveimur hæðum auk þaksvala. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, bílskúr og garður með einkasundlaug. Húsið er staðsett í austurhluta Los Cristianos í um 10-15 mínútna göngufjarlægð frá ströndinni og í um 15 mínútna akstursfjarlægð frá flugvellinum Tenerife Sur. Stutt er í alla helstu þjónustu og verslanir en beint á móti húsinu er verslunarkjarni.

Á jarðhæðinni er stofa, vel búið eldhús, baðherbergi með sturtu og svefnherbergi. Hægt er að opna út í garð úr svefnherberginu. Á annari hæðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi sem hvort um sig eru með sér baðherbergi. Útgengt er úr báðum svefnherbergjum á svalir. Öll rúm eru tvíbreið. Gistipláss er fyrir 8 manns í húsinu, fyrir 2 í hvoru svefnherbergi á efri hæðinni, 2 í svefnherbergi á neðri hæð og 2 í svefnsófa. Stærri svalir eru á þaki hússins með útsýni yfir svæðið. Í húsinu er bílakjallari.



Tenerife, Villa Portofino 5B

Fermetrar	186
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	8
Svefnsófi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Einkasundlaug.....	Já
Grill	Já
Uppbrottavél.....	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbrottalögur.....	Já
Tuskur og viskustykki.....	Já
Internettenging.....	Já
Baðherbergi	3





Los Arenales del Sol

Íbúð á efstu hæð er 100 fm með þremur svefnherbergjum og er hjónarúm í þeim öllum. Svefnpláss er því fyrir 6 manns, með sængum og koddum. Þá eru tvö baðherbergi í íbúðinni, annað þeirra er sérstaklega hannað fyrir hreyfihamlaða. Allur almennur búnaður er í íbúðinni og borðbúnaður fyrir 12 manns. Út af vel búnu eldhúsi eru stórar svalir meðfram íbúðinni með fallegu útsýni í átt til sjávar. Þar að auki fylgir íbúðinni stórt einkapaksvæði sem er afgirt en þar má finna stóla, sóhlífar, borð og sólbaðsbekki til afnota fyrir gesti. Auk þess er þar barnarúm með barnasæng og kodda og barnastóll. Stutt ganga er á sólarströndina.



Efsta hæð Arenales del Sol

Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnsófi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga og handklæða	6
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Sundlaugargarður	Já
Grill	Já
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Já
Baðherbergi	2



Þráðlaust net



Quesada NÝTT

Um er að ræða glæsilega íbúð á jarðhæð í fallegu umhverfi. Íbúðin skiptist í eldhús, tvö baðherbergi, þrjú svefnherbergi og stofu sem er með svefnsófa, svefnrými er fyrir allt að átta gesti. Útgengt er frá íbúð á verönd og fylgir glæsilegur garður með sólbaðsaðstöðu og stórrí sundlaug sem hönnuð er fyrir alla aldurshópa. Íbúðin er staðsett í Quesada á Hvítu ströndinni á Spáni í fögru og snyrtilegu umhverfi í nágrenni Alicante. Quesada er þekkt fyrir rólegheit og fallegt umhverfi. Í hverfinu eru stutt í alla þjónustu og samgöngur í kring eru auðveldar og öruggar.

Í íbúðinni er stór stofa með opnu eldhúsi, þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi með sturtum og garður. Íbúð 129 hefur einkabílastæði. Gestir hafa aðgang að sundlaug í sameign.

Allur nauðsynlegur borðbúnaður er í íbúðinni, eldhústæki, hárpurrkur, þvottavél og sjónvarp, allur rúmfatnaður sem þarf, handklæði, tuskur og viskastykki fylgja. Gistimöguleikar eru fyrir allt að 8 manns, það er útdraganlegur sófi í stofunni + 1 smábarn (hægt er að óska eftir barnaferðarúmi) þ.e. þrjú hjónaherbergi með rúnum sem eru 150x190 sm, og eitt barnaferðarúm. Allur búnaður er miðaður við hámarksfjölda gesta.



Íbúð á jarðhæð

Fermetrar	102
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6-8
Svefnsófi	Já
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga og handklæða	8
Barnarúm	Í boði
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Sundlaugargarður	Já
Grill	Nei
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Já
Internettenging	Já/Frítt
Baðherbergi	2

Gjafabréf



Icelandair

Félögum í Sameyki býðst að kaupa 5 gjafabréf á ári í flug með Icelandair. Gjafabréf gildir sem greiðsla fyrir

áætlunarflug til allra áfangastaða Icelandair. Gjafabréfin gilda í fimm ár og verða að notast innan þess tíma. Ekki er hægt að skila gjafabréfi. Gjafabréfin er hægt að kaupa á Orlofshúsavefnum. Á gjafabréfinu er númer sem nota þarf þegar flug er bókað. Gjafabréfið kostar 21.500 kr. en er að andvirði 30.000 kr.

Flugfélagið Ernir

Félagsmenn sem hafa lögheimili á landsbyggðinni á þeim stöðum sem Flugfélagið Ernir flýgur til geta sótt um endurgreiðslu á flugfari á hverju almanaksári að upphæð allt að 33.000 kr.

Úthlutun orlofsávísana



Félagsfólk Sameykis getur sótt um orlofsávísun að andvirði 35.000 kr. á sama hátt og sótt er um orlofshús og íbúðir á Orlofshúsavef Sameykis meðan á umsóknarferli sumaráthlutunar stendur. Félagsfólk fær mögulega annaðhvort orlofshús eða orlofsávísun úthlutað. Orlofsávísanirnar eru gefnar út í takmörkuðum fjölda, en eftir að úthlutun er lokið er hægt að sækja um orlofsávísun á meðan framboð endist.

Orlofsávísanirnar gilda fyrir orlofstilboð innanlands sumarið 2024, frá 26. maí til 25. ágúst og verða því að vera nýttar innan þess tímabils. Félagi sem fær úthlutað orlofsávísun framvísar kvittunum eftir að ferð að eigin vali er lokið og fær andvirði orlofsávísunar greitt inn á bankareikning sinn. Kvittanir verða að vera löglegar frá viðkomandi söluaðila og innan tímabilsins 26. maí - 25. ágúst 2024. Kvittanir verða að vera með nafni og kennitölu félagsmanns til þess að fást greiddar.

Orlofsávísanir gilda fyrir:

- Gistingu utan orlofskerfis Sameykis, þ.e. hótél, gistihús, tjaldstæði o.s.frv.

- Leigu fyrir hjólhýsi, fellihýsi, bilaleigubíl eða tjaldvagna.
- Skoðunarferðir, t.d. hvalaskoðun, fuglaskoðun o.p.h.
- Skipulagðar gönguferðir með viðurkenndum ferðaþjónustuaðilum eða félögum, utan þeirra ferða sem félagið býður upp á.
- Skipulagðar hópferðir, hestaferðir, siglingar, veiðileyfi o.s.frv.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir matar-útgjöldum, bensíni og/eða almennum ferðakostnaði, svo sem fargjaldi í flug, rútu eða með ferju, nema það sé hluti af skipulagðri hópferð. Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir þjónustu sem Sameyki eða önnur stéttarfélög bjóða sínum félögum.

- Senda skal kvittanir á netfangið sameyki@sameyki.is
- Óskað er eftir að kvittunum sé skilað í einu lagi.
- Greiðsla á orlofsávísunum fer fram í lok ágúst.

Dagleiguhús



Grandavegur 42 D og G

Íbúðin á Grandavegi 42D er fjögurra herbergja íbúð (121 fm) á þriðju hæð ásamt 22 fm svölum. **Íbúðin á Grandavegi 42G** er þriggja herbergja íbúð (103 fm) á þriðju hæð ásamt 9 fm svölum. Sjá allar upplýsingar á bls. 52.



Bollagarðar í Vaðnesi

Bollagarðar í Vaðnesi í Grímsnesi. 60 fm orlofshús með 3 svefnherbergjum þar sem er svefnpláss fyrir sex manns. Hjónaherbergi eru tvö og eitt kojuberbergi. Sjá allar upplýsingar á bls. 46.



Grandavegur 45

3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi á Grandavegi 45. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, 2 í barnaherbergi og 2 á sófa í holi. Sjá upplýsingar á bls. 53.



Sóltún 12

Glæsileg 100 fm endaíbúð á 3. hæð og henni fylgja tvennar svalir. Lyfta er í húsinu. Íbúðin er þriggja herbergja. Sjá allar upplýsingar á bls. 51.

Munaðarnes

Dagleiguhús nr. 14 í Vörðuási og nr. 73, 74 og 75 í Stekkjarhól. Dagleiguhús nr. 30 í Eyrarhlíð. Orlofshúsin eru mismunandi að stærð frá 63-90 fm og rúma 5-7 gesti. Í öllum húsunum er myndlykill frá Stöð 2 og 4G beinir frá Vodafone. Hægt er að sjá allar nánari upplýsingar á bls. 14-15.

Dagleighús



Skálatún á Akureyri

Við Skálatún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir 5-6 manns. Allar upplýsingar um Skálatún má finna á bls. 32.



Eiðar á Austurlandi

Dagleighúsin er nr. 12 og 13. Í öllum húsunum eru þrjú svefnherbergi og tvær aukadýnur. Þar er svefnpláss fyrir allt að 7 manns. Sjá allar upplýsingar á bls. 42.



Hamratún á Akureyri

Við Hamratún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir allt að 8 manns. Allar upplýsingar um Hamratún má finna á bls. 33.



Holtaland á Akureyri

Eitt þriggja herbergja (106 fm) dagleighús með gistimöguleika fyrir 8 manns. Í húsinu eru tvær snyrtingar. Inn af annarri snyrtingunni er þvottaherbergi. Sjá allar upplýsingar um Holtaland á bls. 38.

Umgengni og frágangur

Félagsfólk sem leigir orlofshús ber ábyrgð á orlofshúsinu meðan á dvöl stendur og öllu sem því fylgir. Þrifa skal vel eftir sig m.a. ísskáp, eldavél og ofn, skápa, salerni og grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf og loka gluggum og útihurðum vandlega.

Hafi félagsfólk einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlega látið umsjónarmann á viðkomandi dvalarstað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Sameykis á skrifstofutíma. Munið að ganga frá orlofshúsunum eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsin eru sameign félagsfólks í Sameyki og því mikilvægt að vel sé gengið um þau.

ATH! Ekki skilja eftir matarkyns í skápum, kæli né frysti við brottför.

Verðskrá dagleighúsa

1. gistinótt 10.00 kr.
2. gistinótt 10.00 kr.
- 3.-7. gistinótt, 4.000 kr.

Aðgangur að neti er gegn gjaldi nema á Eiðum.

Orlofshús sem leyfa gæludýr



Arnarstapi á Snæfellsnesi

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 22.



Hólasetur í Biskupstungum

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 45.



Akrasel í Grímsnesi

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 47.



Húsafell í Borgarfirði

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 20.



Reitarvegur í Stykkishólmi

Gæludýr eru velkomin en nauðsynlegt er að vanda alla umgengni og þrifa vel eftir dýrin. Lausaganga dýra er stranglega bönnuð. Upplýsingar má finna á bls. 23.

Gæludýr

Sagt er að hundurinn sé besti vinur mannsins. Hjá Sameyki eru sex orlofshús sem leyfa hunda. Mikilvægt er að þrifa upp eftir hundana sína sem gjarnan gera þarfir sínar á grasblettum í kringum húsinn. Einnig þegar farið er í göngutúr með þá í nágrenninu á orlofssvæðunum, að hafa með skítapoka til að hirða upp eftir þá. Við minnum félagsfólk á, að ekki er leyfilegt að vera með fjölda hunda í orlofshúsum Sameykir.





Ljósmynd: Axel Jón

Hraunfossar eru geipilega falleg náttúrusmið staðsettir á Hvítársíðu stuttu áður en félagsfólk rennir inn að Húsafelli. Þar eru bæði orlofshús félagsins gæludýrahús. Munið bara að þrifa upp eftir dýrin. En höldum okkur við Hraunfossa. Fossarnir eru vinsæll viðkomustaður ferðamanna og hægt er að ganga á finum göngustígum um svæðið og virða fyrir sér hvernig þeir hafa sorfið klappirnar í gegnum aldir. Sumir sjá fossamyndanirnar á staðnum bara í gegnum símana sína en það er önnur saga. Uppspretta Hvítár er við Eiríksjökul og Langjökul í mörgum ám. Á svæði við vesturenda Kalmanstungulands

og fáeina kílómetra þar frá, koma saman Kaldá, Kiðá, Geitá og Hvítá, sem renna sunnan við Tunguna úr Geitlandi og af Kaldadal og Norðlingafliót, sem rennur norðan við Tunguna af Amarvatnsheiði og úr Fljótsdrögum í norðvestanverðum Langjökli við Stórasand. Neðan við þessi ármót heitir áin Hvítá. Barnafoss er í Hvítá á milli Gilsbakka og Hraunsáss skammt frá Húsafelli og nokkrum tugum metra neðan hans renna títtnefndir Hraunfossar í ána úr Hallmundarhrauni í landi Gilsbakka. Endilega stoppið við og njótið þessarar fegurðar þegar þið eigið leið í orlofshús Sameykis í Húsafelli.

Ferðaávisun

Sameyki býður félagsmönnum sínum að kaupa rafræna ferðaávisun á Orlofshúsavef Sameykis, orlof.is/sameyki sem það getur nýtt þegar það ferðast um Ísland.

Félagsfólk ræður fyrir hversu háa upphæð er keypt en ferðaávisunin mun gilda á yfir 50 íslenskum hótélum og gistiheimilum. Til að innleysa ávisunina þarf viðkomandi að hafa samband við gististað og tryggja sér gistingu með ferðaávisun.

Orlofssjóður niðurgreiðir ferða-

ávisanir um allt að 30% eða að hámarki 15.000 kr. á almanaksárinu, þannig að niðurgreiðsla af 65.000 kr. ferðaávisunartilboðnum er 15.000 kr. Hægt verður að kaupa ferðaávisun fyrir hærri upphæð án þess að niðurgreiðslu njóti við. Einnig er hægt að kaupa ferðaávisun í mörgum atrennum en 30% niðurgreiðsla reiknast þá á hver kaup þar til 15.000 kr. hámarkinu er náð. Ef handhafi ferðaávisunar vill breyta ferðaáformum sínum, eða ef hótelíð er fullbókað þá

nótt sem hann hyggst gista, getur hann fyrirhafnarlaust notað ávisunina hjá öðru hóteli sem er inn í ferðaávisunartilboðnum. Félagsfólk mun geta skoðað þau tilboð sem hótél og gistiheimili gera þeim hverju sinni á Orlofshúsavefnum.

Hægt er að nota ferðaávisunina til þess að greiða fyrir alla þjónustu á hóteli. Sameyki gerir þá kröfu til hótélanna að betri tilboði fyrir sömu vöru sé ekki að finna annars staðar og að hótelin bjóði sjóðfélögum jafnan sín bestu kjör.

Útilegukortið

Félagsfólki í Sameyki býðst að kaupa Útilegukortið á sérstöku félagsverði. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfelldt hvert skipti. Frekari upplýsingar eru á vef Útilegukortsins,

utilegukortid.is. Útilegukortið kostar 17.500 kr. fyrir félagsfólk en almennt verð er 24.900 kr.

Hægt er að kaupa kortið á Orlofshúsavef Sameykis eða á skrifstofu félagsins.



Veiðikortið



Félagsfólk Sameykis getur keypt eitt veiðikort á ári á sérstöku félagsverði. Kortið er hægt að kaupa á vefsíðu félagsins og á skrifstofunni. Kortið kostar 6.300 kr. hjá félaginu en 9.900 kr. í almennri sölu. Kortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiði-

mönnum sem fjölskyldufólki. Hægt er að veiða nær ótakmarkað í 34 veiðivötnum víðs vegar um landið og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra. Veiðikortið er stílað á einn

einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Fara ber eftir öllum reglum og upplýsingum um veiðisvæðin sem fram koma í veiðikortinu.



Veiðisvæði fyrir handhafa Veiðikortsins

SUÐURLAND

Elliðavatn
Frostastaðavatn
Gíslholtsvatn
Kleifarvatn á Reykjanesi
Leirvogsvatn
Meðalfellsvatn
Úlfhljótsvatn
Vífilsstaðavatn
Þingvallavatn

NORÐURLAND

Arnarvatn á Melrakkaslétu
Hraunhafnarvatn
Ljósavatn
Sléttuhlíðarvatn
Svinavatn í Húnaþingi
Vestmannsvatn
Æðarvatn
Ölvesvatn – Skagaheiði

VESTURLAND

Baulárvallavatn
Berufjarðarvatn
Haukadalsvatn
Hítarvatn
Hreðavatn
Hlíðarvatn í Hnappadal
Hólmavatn í Dölum
Hraunsfjarðarvatn
Hraunsfjörður

Langavatn
Laxárvatn í Dölum
Sauðlauksdalsvatn

AUSTURLAND

Haugatjarnir
Skriðuvatn
Sænautavatn
Urriðavatn
Þveit

Göngur og gisting

Ferðaávisun Sameykis veitir aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjara í krafti fjöldans en Ferðaávisun má nota allt árið um kring. Félagsfólki gefst gullið tækifæri til að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi ásamt því að njóta spennandi tilboðskjara á gistingu um land allt. Ítarlegar upplýsingar um ferðirnar er að finna á vefum ferðafélaganna.



Lágafell

Lágafellshópur Fjallafjörs hentar í senn byrjendum og þeim sem vilja fara í styttri ferðir og gefa sér rúman tíma í að njóta þeirra. Litill stigandi er í dagskránni sem miðar að því að sem flest geti tekið þátt í söfnum eftir allnokkra kyrrsetuþíð eða vilja taka þátt í rólegum ferðum þar sem áherslan er á að njóta samveru og náttúru - sama hver ástæðan er.

Vorönnin hefst 12. febrúar 2024.

Verð fyrir vorönn: 36.900 kr. - 12 ferðir!



Rafhjólafjör

Fjallafjör býður upp á spennandi rafhjólahóp 2024 með kvöldferðum, dagsferðum og helgarferð.

Viðraðu magnaða fákinn og komdu með í skemmtilegar hjólaferðir með Fjallafjöri.

Sjá ferðir og dagsetningar nánar á vef Fjallafjörs.

Verð frá : 89.900 kr.



Grænihryggur II

8. ágúst

Gönguferð á Grænahrygg og nánasta umhverfi. Þetta er ein fallegasta gönguleið landsins, svæðið er sannkölluð náttúruperla og er einstakt á heimsmælikvarða. Krefjandi ferð þar sem vaða þarf straumharða á nokkrum sinnum.

Gengið um Halldórsgil inn að Grænahrygg. Krefjandi ganga um einstaklega fjölbreytt og litríkt og stórbrotið landslag á hálandi Íslands.

Verð frá : 14.000 kr.



Geirhnúkur frá Hallkelsstaðahlíð

17. ágúst

Á Geirhnúk er oftast gengið frá Hítardal, en í þessari göngu verður gengin falleg hringleið að vestan frá Hnappadal.

Gengið verður meðfram Hlíðarvatni en við vatnshornið og þaðan verður fylgt þekktri reiðleið sem nefnist Fossaleið. Þá er farið með Fossá inn Djúadal og um Fossabrekkur.

Á bakaleiðinni verður gengið um hlíðar Djúpadsils í gegnum náttúrufrýrbærrið Nautaskörð, að eyðibýlinu Hafursstöðum og þaðan í hestamiðstöðina í Hallkelsstaðahlíð þar sem Sigrún og Skúli taka á móti hópnum með léttar veitingar.

Verð frá : 15.000 kr.



Gisting um land allt

Með ferðaávisun upp á vasann nýtur félagsfólk tilboðskjara á gistingu um land allt.



Hótel Vestmannaeyjar

Suðurland
Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð frá 35.900 kr.



Langaholt

Vesturland
Herbergi fyrir tvo án morgunverðar.

Verð frá 23.000 kr.



Hótel Ísafjörður

Vestfirðir
Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð frá 22.000 kr.

með ferðaávísun



Meðalfellshópur Fjallafjörs

Meðalfell er fjölbreytt, tíu ferða dagskrá sem hentar í senn skemur og lengra komnum í fjallgöngum og útivist. Sjá ferðir og dagsetningar nánar á hámarki 400 metrar.

Rík áhersla er lögð á liðsheid, samheldni, kærleika og gleði í öllum ferðum Fjallafjörs. Sjá ferðir og dagsetningar nánar á vef Fjallafjörs.

Dagskrá hefst er 4. apríl með undirbúningsfundi

Verð frá : 34.900 kr.



Dalastígur

4. júl. 2024 - sun. 7. júl.

Dalastígur er ný gönguleið á fáfórnum en virkilega áhuga-verðum slóðum að Fjallabaki.

Brottför frá Mjódd. Ekið sem leið liggur í Landmannahelli þar sem gíst er fyrstu nóttina. Eftir góðan nætursvefn hefst gangan með stefnuna á Dalakofa. Margt áhugavert verður á leið göngu-manna. Frá Dalakofa liggur leiðin í Hungurfit. Gengið er meðfram Skyggishlíðarvatni og niður í Hungurfit þar sem gíst verður í vistlegum skála.

Úr Hungurfitjum liggur leiðin í Sultarfit áður en áin Hvítmaga er vaðin og því gott að hafa vaðskóna klára þennan dag. Leiðinni lýkur svo við Markar-fljót hjá Mosum þar sem rúta sækir hópinn.

Verð frá : 97.000 kr.



Þórsörk um Jónsmessu

Eldri og heldri ferð

25. júní

Upplifðu töfra Þórsörkur. Þessi ferð er sérstaklega hagsuð fyrir eldri og heldri borgara en allir eru velkomnir. Við heimsækjum Þórsörk og kynnumst þeim þremur ferðamannasvæðum sem þar eru.

Byrjað er á að skoða uppbygginguna í Húsadal þar sem snæddur er hádegis-verður. Að því búnu er Langidalur heimsóttur og loks er svæðið í Básu kannað, áður en haldið er heim á leið. Lítt ganga á milli svæðanna fyrir þá sem vilja.

Verð frá : 21.000 kr.



Fimmvörðuháls - hægferð

Fös. 28. júní - sun. 30. júní

Gönguleiðin yfir Fimmvörðuháls er mörgum nær, enda ekki óalgengt að fyrstu kynnin af útivist séu í Fimmvörðuháls-göngu. Gengið frá Skógum á Fimmvörðuháls að kvöldi föstudags og gíst þar í skála Útivistar. Á laugardegi verður gengið í Bása og gíst þar seinni nóttina. Á sunnudegi verður farið í léttu göngu á Goðalandi áður en haldið er heim.

Athugið að farangur er trúss-aður í Bása en ekki er hægt að keyra í Fimmvörðuskála og því þarf að bera svefnpoka og mat fyrir fyrsta sólarhringinn.

Innifalið í ferði er fararstjórn, rútuferðir, flutningur á farangri í Bása, skálagisting og grill-veisla á laugar dagskvöldið.

Verð frá : 49.000 kr.



Hótel Norður-land - Akureyri

Norðurland
Deluxe 2ja manna her-bergi. Sér baðherbergi.
Verð frá 22.000 kr.



Hótel Siglunes

Norðurland
Herbergi fyrir tvo með sér baðherbergi.
Verð frá 24.565 kr.



Hótel Heydalur

Vestfirðir
Superior tveggja manna herbergi.
Verð frá 19.800 kr.



Fosshótel Vatnajökull

Austurland
Standard tveggja manna herbergi m/morgunverði.
Verð frá 22.900 kr.

Hvar fæst ferðaávísun?

Ferðaávísun fæst keypt á Orlofshúsavæf Sameykis. Þar má finna frekari upp- lýsingar um ferðir og gistingu sem samstarfs- aðilar bjóða upp á.



Haförn

Örninn er stærsti og sjaldgæfasti ránfugl landsins, með yfir tveggja metra vænghaf, oft nefndur konungur fuglanna.

Haförninn var áður dreifður um land allt en höfuðstöðvarnar hafa ávallt verið á Vesturlandi. Þar hélt hann velli þrátt fyrir skefjalausar ofsóknir undir lok 19. aldar. Hann var alfriðaður 1913 en var þrátt fyrir það nærri útdauður um 1960, þá voru aðeins um 20 hjón í stofninum. Á síðustu áratugum hefur honum fjölgað hægt en örugglega og var stofninn 75 pör árið 2016. Annars staðar verpa hafernir frá Vestur-Grænlandi austur um Evrópu og Asíu að Kyrrahafi.

Ernir eru oftast stakir, í pörum eða smáhópum. Örninn veiðir sér til matar og er aðalbráðin fyll sem hann tekur á flugi, æðarfugl tekur hann á sjó og fisk, hrognkelsi og lax, þykir honum gott að grípa við sjávarflötinn.

Haförninn sem hérna svífur yfir opnu 66-67 er búinn til af gervigreindarforriti AI.

Heimild: Fuglavefurinn.



Frestur til að sækja um orlofshúsin er frá 1. mars til 24. mars

Orlofstímabilið er 24.
maí til 23. ágúst 2024

Úthlutun lýkur
27. mars

Dagleiguhús opna
18. apríl



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU